

ingaryfirvald, ef það á við, sbr. 2. og 14. gr. EBE tilskipunar nr. 70/156, með breytingum í tilskipun nr. 92/53.

4. gr.

Á eftir orðinu „ökutækisins“ í a-lið 1. tölul. 22. gr. í viðauka bætist: eða tækniþjónustu.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60., 64., 64. gr. a og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, öðlast gildi 15. september 1998.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 439 16. júlí 1998 um breytingu á reglugerð nr. 18 30. janúar 1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. ágúst 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

10. september 1998

Nr. 534

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag starfsmannaíbúða við  
Samvinnuháskólann á Bifröst, Borgarbyggð.**

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag samkvæmt ákvæðum 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarbyggð, 10. september 1998.*

**Sigurður Páll Harðarson** bæjarverkfræðingur.

4. september 1998

Nr. 535

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. september 1998 staðfest aðalskipulag Akureyrar 1998-2018.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Akureyrar 1990-2010 er staðfest var 3. desember 1990.

*Umhverfisstofnun, 4. september 1998.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*